139 28. sept. er til dýrleika, sömuleiðis er kirkjan sjálf undanþegin gjaldi þessu. En allar aðrar húseignir ber kirkjuhaldara að sjá um, að greitt verði kirkjugjald af, þó þær nái ekki 500 kr. virði, eða þó þær sjeu til opinberra þarfa, og því undanskildar húsaskatti til landssjóðs samkvæmt lögum frá 14. desbr. 1877. Skulu úttektarmenn sveitarinnar virða þessar húseignir eða 2 aðrir góðir menn, er sýslumaður kveður þar til.

3.

Fyrir virðingar þessar bera hverjum virðingarmanni 1 kr. 50 a. hvern þann dag, sem þeir eru að virðingunni, og greiðist það fje úr sjóði hlutaðeigandi kirkju, eins og hver annar kostnaður, sem virðingargjörðir þessar hafa í för með sjer.

4.

Sje annaðhvort kirkjuhaldari eða húseigandi, óánœgður með virðinguna á hlutaðeigandi tilkall til að fá húsið virt upp af 4 óvilhöllum mönnum. Hjeraðsdómari kveður þessa menn á venjulegan hátt, og verður slík virðingargjörð að fara fram samkvæmt hinum almennu rjettarfarsreglum um yfirmat. Hafi slíks yfirmats ekki verið krafist innan 4 vikna frá því, að fyrsta virðingin fór fram, ber að heimta gjaldið hið yfirstandandi reikningsár samkvæmt hinni fyrstu virðingu.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 28. dag septembermánaðar 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

140 7. okt. — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu um* sjerstakan rannsóknardómara í Elliðaármálunum. — Eptir að hafa meðtekið brjef yðar, herra amtmaður, frá í dag áhrærandi ráðstafanir þær, er sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir gjört með tilliti til rannsókna viðvíkjandi hinum margítrekuðu ofbeldisárásum, sem gjörðar hafa verið á veiðivjelar þær, er H. Th. A. Thomsen kaupmaður á og notar til laxveiða í Elliðaánum, hefi jeg samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 26. ágúst þ. á. að mandatum gefið út allrahæzt erindisbrjef handa Jóni landritara Jónssyni til, með fullu valdi til rjettarhalda bæði í lögsagnarumdœmi Gullbringu- og Kjósarsýslu og fyrir utan það, og með sama valdi og reglulegir rannsóknar-dómendur hafa, að takast á hendur rannsóknir og útvega nauðsynlegar skýrslur með tilliti til ofbeldisárása þeirra, sem síðan að viðaukalög við 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar komu út, hafa verið gjörðar á nefndar veiðivjelar, að svo miklu leyti sem ekki hefir gengið fullnaðardómur í hjeraði um þessar árásir.

Jafnframt því að senda yður, herra amtmaður, nefnt erindisbrjef, er jeg bið afhent Jóni Jónssyni landritara, vil jeg einnig hjer með þjónustusamlega skora á yður að veita honum aðstoð þá, sem þörf er á, með tilliti til nefnds starfs, einkum að láta honum í tje skýrslur um, hvað gjört hafi verið af hálfu amtsins út af nefndum árásum, og að leggja fyrir sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu að fá honum til afnota öll skjöl þau og skýrslur, er snerta þær.

Þjer eruð, herra amtmaður, beðnir um að löggilda hina nauðsynlegu rannsóknarbók handa hinum setta rannsóknardómara.